

Skólaráð Naustaskóla

6. fundur ársins 2015 þann 18. ágúst 2015

Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir, Aðalheiður Skúladóttir.

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Gísli Rúnar Magnússon, Vaka Óttarsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Berglind Bergvinsdóttir, Valdís Jósavinsdóttir, Inga Vala Magnúsdóttir.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Fundatími skólaráðs

Ákveðið að fundatími skólaráðs verði að jafnaði fyrsti fimmtudagur í mánuði kl. 15:00

2. Funda/starfsáætlun skólaráðs

Starfsáætlun skólaráðs verður óbreytt frá síðasta skólaári.

3. Starfsáætlun skólans fyrir skólaárið 2015-2016

Unnið er að gerð starfsáætlunar fyrir skólaárið. Helstu breytingar sem fyrirséðar eru frá starfsáætlun síðasta skólaárs snúa að endurskoðun á námsmatskafla, áætlanagerðarkafli, skólareglum (viðmið um viðbrögð við seintkomum o.fl.), fundaplani, umbótaáætlun o.fl. auk breytinga og uppfærslna á ýmsum upplýsingum.

Rætt um að vanti mun meiri umræður og útskýringar í skólasamfélaginu, ekki síst með foreldrum, varðandi námsmat skv. aðalnámskrá. Einnig væri nauðsynlegt að velja þessu málefni meira upp í samræðum skólanna í gegnum "lærdómssamfélagið" og stefna þannig að samræmingu innanbæjar. Drög að starfsáætlun verða send út til yfirlestrar á næstu dögum og teknar fyrir athugasemdir / ábendingar á næsta fundi í byrjun september.

4. Fyrirkomulag haustfunda og viðtala

Rætt um hvaða áherslur skuli leggja fyrir morgunfundina með foreldrum í september. Spurning um að hleypa fulltrúum frá Rósenborg inn á fundina til að kynna nýtt starf og stuðning við foreldrastarf o.fl. Þörf á að ræða og kynna námsmat / námsáætlanir, hugsanlega kennsluáðferðir og útfærslur á stefnu skólans, rafrænt nám, hvernig er unnið með umsjónarhópum, hvernig er hópaskipt o.fl.

Rætt um áherslur fyrir viðtöl í október. Samræming innan teyma mikilvæg, bagalegt ef viðtöl eru lögð upp með mismunandi hætti innan sömu kennsluteyma. Leggja áherslu á hvatningu. Halda til haga umsögn frá síðasta vori. Bóka ákvarðanir/markmið í dagbók (umsagnir ef þær eru gerðar).

Fínþússa þarf gátlista fyrir viðtöl sem unninn var sl. vetur til notkunar. Æskilegt í viðtölum að skoða upplýsingar í mentor í sameiningu, skanna markmið, skoða áætlanir o.fl.

5. Mötuneytismál

Rætt um að stefna að því að nemendur í 1. bekk fái matinn á borðin sín og athuga með að yngstu nemendunum sé færð ábót. Þarf að ræða leiðir með kennurum til að manna sem best matsalinn.

Rætt um vigtun á matarafgöngum.

6. Önnur mál

- Umræður um foreldrastarf. Fyrirhugað að Foreldrafélagið undirbúi/ákveði og tímasetji atburði í vetur.
- Tenging foreldra við námsmatið, þarf að ræða og finna leiðir til að draga foreldra betur inn. Umræður um að hafa allar upplýsingar á einum stað og vísa til þeirra.

Næsti fundur 3. september